



ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISVÍXLA

Útboð 12. maí 2011

- Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisvixla í samræmi við fjárlög fyrir árið 2011 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánaþyngsla ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaþyngsla ríkissjóðs dags. 18. október 2010. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er fimmtudagur 12. maí 2011. Greiðsludagur er mánudagur 16. maí 2011.*
- Í boði verða eftirfarandi flokkar ríkisvixla:

| Flokkur | ISIN | Lokagjalddagi |
|---------------------|---------------------|-------------------|
| RIKV 11 0815 | IS0000020428 | 15.08.2011 |
| RIKV 11 1115 | IS0000020543 | 15.11.2011 |

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Útboðið verður þannig háttáð að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu.
- Ríkisvixlarnir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisvixlar eru án verðtryggingar.
- Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlupi á heilum milljónum króna.
- Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10.00 og 11.00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
- Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Alþjóða- og markaðssvið Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11.00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
- Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
- Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
- Greiðsla fyrir ríkisvixla skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisvixlum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisvixlum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933.
- Ríkisvixlar eru stimpilfrjálsir skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisvixlar eru framtalsskyldir.
- Þessir ríkisvixlar eru skráðir í NASDAQ OMX á Íslandi.